



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

14. júní 2019 – Pistill nr. 56



*Frá fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í gærmorgun.
Frá vinstri: Þorsteinn, Alma Dröfn varamaður, Elísabet, Helgi
oddviti, Friðrik varamaður, Sigurður Guðni og Halldór. Dagbjört
aðalmaður var fjarverandi.*

Skipað í samstarfsnefnd sem kannar ávinning af sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Eins og kom fram í sameiginlegri fréttatilkynningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í gær var samþykkt samhljóða að hvort sveitarfélag um sig skipi þrjá fulltrúa og tvo til vara í samstarfsnefnd sem kanna skal ávinning af sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga. Bókun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um málið var eftirfarandi:

“Aðdragandi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa átt í miklu samstarfi sín á milli síðustu ár. Sveitarfélögin eiga með sér formlegt samstarf um skipulags- og byggingamál og brunavarnamál og eru auk þess aðilar að ýmsum samstarfsverkefnum.

Í Skútustaðahreppi búa um 500 íbúar og í Þingeyjarsveit rúmlega 900 íbúar. Sveitarfélögin liggja saman og eiga margt sameiginlegt, sé litið til

sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar gætu falist tækifæri í því að sameina sveitarfélögin tvö í eitt öflugra sveitarfélag. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa átt viðræður um að skipuð verði nefnd til að kanna kosti hugsanlegrar sameiningar sveitarfélaganna tveggja. Slík nefnd fengi það hlutverk að kortleggja hugsanlegan ávinning, veikleika og helstu viðfangsefni slíkrar endurskipulagningar í víðtæku samráði við íbúa. Við undirbúning málsins var leitað eftir ráðgjöf RR ráðgjafar sem hefur sinnt verkefnastjórn og annarri ráðgjöf við verkefnið Sveitarfélagið Austurland og undirbúning sameiningar Garðs og Sandgerðisbæjar, sem nú ber heitið Suðurnesjabær. Þá hafa ráðgjafar RR ráðgjafar reynslu af sameiningu annarra sveitarfélaga.

Í júlí 2017 kom út skýrslan Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga sem unnin var af beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Í skýrslunni komu fram nokkuð afgerandi tillögur meðal annars um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga í framtíðinni. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur markað þá stefnu að innan fárra ára verði ekkert sveitarfélag á Íslandi með færri en 1.000 íbúa. Ráðherra kynnti stefnu sína á Landsþingi sambands íslenskra sveitarfélaga í október 2018 og hefur fylgt henni eftir með skipan nefndar um framtíð sveitarstjórnarstigsins. Sú nefnd hefur nýlega kynnt svokallaða Grænbók þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið að leggja fram sín sjónarmið um álitæfni, viðfangsefni og framtíðarsýn sem nýst gætu í stefnumótuninni. Á

haustdögum er fyrirhugað aukþing Sambands íslenskra sveitarfélaga um stefnumörkunina. Fulltrúar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hafa átt fundi með fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að fá upplýsingar um aðkomu ráðuneytisins og stuðning Jöfnunarsjóðs við verkefnið. Verði tekin ákvörðun um að skipa nefnd um mögulega sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga, þá mun Jöfnunarsjóður veita framlög sem munu standa undir kostnaði við verkefnið.

Að mati sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er skynsamlegt að sveitarfélögin hefji formlegar sameiningarviðræður sem munu leiða til þess að tillaga um sameiningu verði lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu. Á þann hátt er valdið sett í hendur íbúanna. Tillagan verður unnin með virkri þátttöku íbúa m.a. á íbúafundum þar sem tekin verður umræða um tækifæri og áskoranir sem geta falist í sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga. Hlutverk kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélaganna er að undirbúa tillöguna eins vandlega og kostur er og kynna verkefnið svo íbúar geti tekið upplýsta ákvörðun. Í því ljósi er eftirfarandi tillaga lögð fram til afgreiðslu í sveitarstjórnnum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Tillaga fyrir sveitarstjórnir

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps/Þingeyjarsveitar samþykkir [atkvæði með og á móti] að sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar skipi þrjá fulltrúa hvort sveitarfélag og tvo til vara í samstarfsnefnd sem kanna skal möguleika á sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórnir skulu hafa seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum samstarfsnefndar, en lagt er til að Róbert Ragnarsson hjá RR ráðgjöf verði verkefnisstjóri. Markmiðið er að sameining sveitarfélaganna leiði til bættar þjónustu, öflugri stjórnsýslu og aukins slagkrafts við að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum.

Stefnt skal að því að samstarfsnefnd skili álit sínu til sveitarstjórna fyrir lok árs 2020. Samstarfsnefndinni er falið að setja verkefninu nánari verkáætlun og tímaramma.

Tillaga þessi er lögð fram í kjölfar viðræðna fulltrúa sveitarfélaganna og samráðs við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skipar Helga Héðinsson oddvita, Ragnhildi Hólm Sigurðardóttur og Halldór Þorlák Sigurðsson til setu fyrir sína hönd sem aðalmenn í samstarfsnefnd og Friðrik Jakobsson og Elísabet Sigurðardóttur til vara. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er falið að boða samstarfsnefnd til fyrsta fundar, þar sem nefndin skiptir með sér verkum. Stefnt er að kynningarfundum í Félagsheimilinu Skjólbrekku þann 20. júní, kl. 17.00 og í Ljósveitingabúð í Þingeyjarsveit kl 20.00. Á fundunum verður ferli verkefnisins kynnt og íbúum gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri strax í upphafi.”

Við þetta má bæta að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skipaði Arnór Benónýsson oddvita, Margréti Bjarnadóttur og Jónu Björg Hlökkversdóttur sem aðalmenn í samstarfsnefnd og Árna Pétur Hilmarsson og Hlyn Snæbjörnsson til vara.

Verði sameining þessara sveitarfélaga samþykkt í íbúakosningu verður til langstærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli eða rétt rúmlega 12 þús. ferkm.



Framkvæmdir við stækkun leikskólans hafnar Í byrjun þessa mánaðar hófust framkvæmdir við stækkun leikskólans Yls. Þessa vikuna verður

sökkull viðbyggingarinnar steypdur. Starfsemi leikskólans hefur verið flutt yfir í húsnæði grunnskólans á meðan framkvæmdir eru í gangi.



Sjálfbóðaliðar stinga skógarkerfil

Fyrsta hópátak sumarsins í upprætingu skógarkerfils var gert miðvikudaginn 5. júní. Fimmtán nemendur á aldrinum 15-18 ára og þrjú kennarar þeirra við Providence Day School, Charlotte, North Carolina tóku til hendinni í slydduhríð og vindbelgingi. Helmingur hópsins stakk upp á Geiteyjarströnd en helmingur á Arnarvatni. Krakkarnir voru duglegir og lögðu sig fram við verkið. Leiðbeinendur voru Daði Lange og Hjördís Finnbogadóttir og skýrðu þau frá átaksverkefninu sem í gangi er í sveitarfélaginu og snýst um að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda, einkum skógarkerfils og lúpínu. Bandarísku gestirnir voru áhugasamir um húsdýr Mývetninga, einkum hesta og lömb. Í lokin var þeim boðið að skoða skrautlömbin í Haganesi og þótti mikið til koma.

Kvennahlaup ÍSÍ 19. júní kl. 17.00

Hlaupið verður frá Jarðböðunum, tvær vegalengdir í boði 3 og 5,5 kílómetrar. Skráning kl. 16.30 við Jarðböðin, Alma og Ragnhildur verða á staðnum. Bolur og veglegur gjafapakki fylgir hverri skráningu í tilefni 30 ára afmælis Kvennahlaupsins.

Einnig verða veittir verðlaunapeningar og frítt í Jarböðin fyrir alla hlaupara!

Vegalengdin er stutt og skiptir engu hvort hún er gengin eða hlaupin, mestu máli skiptir er að koma saman, sýna samstöðu kvenna, njóta útiveru og samverustundar með fjölskyldu og vinum.

Hvetjum ALLAR KONUR, dætur, mæður, systur, vinkonur, frænkur og ömmur til að mæta!

Karlmenn eru líka velkomnir, stórir sem smáir 😊
Skráningargjald er kr. 2.000 fyrir 13 ára og eldri og kr. 1.000,- kr fyrir 12 ára og yngri Athugið - enginn posi á staðnum. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Hátíðarhöld 17. júní haldin í Skjólbrekku

Hátíðarhöld í tilefni af Þjóðhátíðardegi Íslendinga verða að þessu sinni í Skjólbrekku, mánudaginn 17. júní. Dagskráin hefst kl. 14:00.

- Menningarverðlaun Skútustaðahrepps afhent í fyrsta sinn.
- Boðið verður upp á fría andlitsmálningu og kandífloss og hefst andlitsmálun kl. 13:30.
- Einnig verða heliublöðrur til sölu á 1500 kr. og 2000 kr.
- Eftir að formlegri dagskrá lýkur verður boðið upp á kaffi og meðlæti.
- Hoppukastalar verða á svæðinu og í boði frá kl. 13:30.

Hvetjum alla til að mæta og skemmta sér saman í tilefni dagsins!

Hátíðarhöldin eru skipulögð af Kvenfélagi Mývatnssveitar og Skútustaðahreppi.

Samið við Húsheild ehf. um byggingu svartvatnstanks á Hólasandi

Þann 24. maí s.l. voru opnuð tilboð í byggingu safntanks fyrir svartvatn á Hólasandi. Tvö tilboð bárust:

Tilboð 1: HHS vertakar 176.969.250 kr.

Tilboð 2: Húsheild ehf 144.351.000 kr.

Kostnaðaráætlun var 120.131.950 kr.

Skýringarviðræður voru haldnar með fulltrúum Húsheildar hf. þann 28. maí s.l. Niðurstaða þeirra viðræðna var að minnka tankinn og endurskoða

magnskrá. Út frá þeim forsendum liggur fyrir tilboð upp á 109,8 m.kr.

Sveitarstjórn samþykkti að ganga til samninga við Húsheild á grundvelli skýringarviðræðnanna en upphæðin, 109,8 m.kr. er innan fjárheimildar samkvæmt samkomulagi Skútustaðahrepps við umhverfis- og auðlindaráðuneytið vegna verkefnisins.



Áskorun til Vegagerðarinnar – Héraðsvegir ógna umferðaröryggi

Í Umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps sem samþykkt var í sveitarstjórn 23. mars s.l. og hefur verið kynnt fyrir Vegagerðinni, kemur fram í kafla undir héraðsvegum að gera þarf verulega átak í að lagfæra héraðsvegi í sveitarfélaginu. Staðan núna er þannig að nokkrir af héraðsvegnum, eins og t.d. í Baldursheimi og Heiði, eru orðnir svo bágbornir að þeir hafa verið nánast óökuhæfir um skeið og bílar skemmst. Ástandið er með þeim hætti að umferðaröryggi á héraðsvegnum er stórlega ógnað.

Að mati sveitarstjórnar er ástandið ólíðandi og skorar á Vegagerðina að hefла héraðsvegina mun oftast eins og skýrt er kveðið á um í Umferðaröryggisáætluninni. Þá er óskað eftir samtali við Vegagerðina um uppbyggingu og viðhald héraðsvega til lengri tíma.

Nýtt viðburðardagatal Mývatnssveitar - Allir viðburðir auglýstir á einum stað

Skútustaðahreppur og Mývatnssstofa hafa hleypt af stokkunum rafrænu viðburðardagatali inni á heimasíðu beggja aðila. Tilgangurinn er að safna saman á einn stað öllum viðburðum í Mývatnssveit. Tilgangurinn er að hafa yfirsýn yfir viðburðina á einum stað en það er svo ótrúlega mikið um að vera hér í sælunni í Mývatnssveit.

Um tilraunaverkefni er að ræða.

Þeir sem vilja fá aðgang að því að setja inn viðburði eru hvattir til að hafa samband við hreppsskrifstofu. Viðburðir mánaðarins verða svo jafnframt auglýstir í Húsöndinni.

Dagatalið er aðgengilegt á eftirfarandi heimasíðum:

www.visitmyvatn.is/is/dagatal

www.skutustadahreppur.is (er í vinnslu, kemur inn fljótlega).



Merkingar við hreppsskrifstofuna m.a. fyrir stæði fatlaða og rafmagnsbíla.



Gangbrautir og miðlínur á Hlíðavegi.

Götumerkingar í Reykjahlíð

Í samræmi við nýja Umferðaröryggisáætlun voru málaðar gangstéttar víða um Reykjahlíð á dögnum til að auka m.a. öryggi gangandi vegfarenda. Einnig

voru settar miðlínur á nokkrar götur. Þá voru merkt bílastæði við hreppsskrifstofuna og Mikley. Vegagerðin áætlað að fara í merkingar og breytingar við Skútustaði í sumar til auka umferðaröryggi þar.



Flokkunarílátum fjölgað við helstu ferðamannastaði í Mývatnssveit

Í fyrra festi Skútustaðahreppur, í samstarfi við Umhverfisstofnun, kaup á flokkunarílátum fyrir sorp á fimm vinsælum ferðamannastöðum við Mývatn. Um tilraunaverkefni var að ræða og tókst það mjög vel enda ríkti ánægja á meðal gesta. Því var ákveðið að halda áfram með þetta verkefni. Fjárfest hefur verið í fleiri flokkunarílátum og verða þau sett upp fljótlega á útsýnispallinum við Bjarnaflag og á útskotinu við Stangarafleggjara á Mývatnsheiði. Áfram verða flokkunarílát við Skútustaði, Höfða, Dimmuborgir, við Mývatnsstofu og á Grímsstaðaútsýnispalli. Tvö flokkunarílát eru á hverjum stað, annað fyrir almennt sorp og hitt fyrir pappír og plast. Skútustaðahreppur festi kaup á flokkunarílátunum og Starfsmenn Umhverfisstofnunar sjá um að tæma þau reglulega.

Ný menningarstefna Skútustaðahrepps

Lögð voru fram fyrir sveitarstjórn lokadrög að endurskoðaðri Menningarstefnu Skútustaðahrepps 2019-2022 sem velferðar- og menningarmálanefnd hefur unnið að undanfarna mánuði. Stefnan fór í opinbert umsagnarferli og barst engin athugasemd.

Velferðar- og menningarmálanefnd leggur til við sveitarstjórn að menningarstefnan verði samþykkt. Sveitarstjórn samþykkti menningarstefnuna samhljóða og lýsir yfir ánægju sinni með stefnunni. Hún verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins.



Frá skólaslitum Reykjahlíðarskóla í lok maí.

Skólaslit Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskóla

Skólaslit Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskólans fóru fram í lok maí við hátíðlega athöfn. Að þessu sinni voru engir nemendur að útskrifast í 10. bekk. En næsta vetur mun fjölga talsvert í Reykjahlíðarskóla þar sem stór árgangur kemur upp úr leikskólanum og nokkrir nemendur eru að flytjast í sveitina. Fer þá nemendafjöldinn yfir 40 manns í fyrsta skipti í þó nokkur ár.

HRÓS DAGSINS...

Fær Mývetningur fyrir fjölbreytt sumarnámskeið fyrir börn og fullorðna.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. í vegna undirbúnings við myndum samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, forstöðumannafund, með fráveituhópi o.fl. svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri